

2008

Ásdís Hafstað  
Inga Dís Karlsdóttir  
Linda Wright  
Pálína Magnúsdóttir

# [VINNUHÓPUR UM FRAMTÍÐ STÉTTARFÉLAGS BÓKASAFNS- OG UPPLÝSINGAFRÆÐINGA]

Vinnuhópurinn skipaðu þær Ásdís Hafstað (Menntaskólinn við Hamrahlíð), Inga Dís Karlsdóttir (ÁTVR), Linda Wright (Ríkisútvarpið ofh) og Pálína Magnúsdóttir (Bókasafn Seltjarnarness). Bergljót Gunnlaugsdóttir ( Flensborgarskóli) sagði sig úr vinnuhópnum áður en vinnunni lauk.

Vinnuhópurinn hittist 6 sinnum á fundi þar sem kostir og gallar þess að sameinast Fræðagarði voru ræddir m.a. með SVÓT greiningu. Bragi Skúlason formaður Fræðagarðs kom á fund hópsins og greindi frá sameiningarferli Útgarðs og Félagi íslenskra Fræða auk þess að greina frá tilurð þess að hafin var vinna að sameiningu HugGarðsfélaganna.

Meginhlutverk hópsins var að taka afstöðu til þess hvort ákjósanlegt er fyrir Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga að sameinast Útgarði og Félagi íslenskra fræða sem hafa nú sameinast undir Fræðagarði. Önnur HugGarðsfélög, Stéttarfélag lögfræðinga og Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga hafa ákveðið að ganga ekki til liðs við Fræðagarð. Meðlimir Félags íslenskra félagsvísindamanna hafa ákveðið að bíða með þessa umræðu þar til á næsta aðalfundi.

### **Greinargerð:**

Horft var til þess að forsaga SBU er sú að þörf var á sérstöku kjarafélagi fyrir bókasafns- og upplýsingafræðinga og er sú þörf enn fyrir hendi. Hins vegar má líta svo á að forsaga félagsins feli í sér tilhneigingu til fastheldni þ.e. að ekki sé unnt að breyta frá núverandi starfsemi SBU.

Vinnuhópurinn lagði því áherslu á að skoða allar hliðar málsins, með og móti sameiningu SBU við Fræðagarð.

Slagkraftur félagsins liggur í einsleitum hópi félagsmanna sem hefur haldið sinni sérstöðu innan HugGarðs og þá einna helst vegna sértækar menntunar en auk þess á þeim grundvelli að fólk þekkt vel og hefur metnað fyrir hönd stéttarinnar. Stjórnin er skipuð fagaðilum sem þekkja umhverfi félagsmanna og vinna fyrir heildina. Ljóst er að ef SBU sameinast Fræðagarði er ekki tryggt að bókasafnsfræðingar verði í stjórn hins nýja félags.

Í félaginu eru 230 félagsmenn og má ætla að smæð félagsins geti dregið úr slagkrafti við gerð kjarasamninga en auk þess hefur reynst erfitt að manna stjórnir og nefndir félagsins. Ör skipti í stjórn veldur því að oft vantar reynslu og þekkingu til þess að tryggja hag félagsmanna. HugGarðssamstarfið er þó góður bakhjarl að þessu leiti.

Smæðin felur þó í sér að auðvelt er að fá yfirsýn yfir félagsmenn og kostur er að fólk innan fagstéttarinnar þekkist innbyrðis. Ljóst er að við sameiningu myndast milliliður á milli félags (fagstéttar) og félagsmanna og líkur á því að stéttarvitund dofni.

Reikna má með að við sameiningu félaganna muni rekstrarkostnaður lækka þar sem það ætti að vera hlutfallslega ódýrara að reka stærri einingu en minni. Hins vegar er ljóst að rekstrarkostnaður félagsins er ekki grunnforsenda sameiningar. Það sem máli skiptir eru kjör félagsmanna.

## Niðurstaða

Nefndin komst að eftirfarandi niðurstöðu:

- **Breyttar Forsendur.** Forsendur þess að sameina SBU Fræðagarði hafa breyst þar sem ljóst er að öll Huggarðsfélögin munu ekki sameinast í eitt félag.  
Hlutur SBU innan Fræðagarðs yrði annars eðlis en lagt var upp með í byrjun. SBU yrði langstærsti einsleiti hópurinn innan félagsins sem í dag telur á milli 60-70 fagstéttir.  
Núverandi stjórn SBU er skipuð fagaðilum sem þekkja umhverfi félagsmanna og vinna fyrir heildina. Ljóst er að ef SBU sameinast Fræðagarði er ekki tryggt að bókasafnsfræðingar verði í stjórn félagsins þegar fram líða stundir þar með er ekki tryggt að við höldum okkar sérstöðu.
- **Kjaramál.** Erfitt að sjá ávinninginn kjaralega séð. Nefndin telur að meiri slagkraftur liggja í stórum félögum en HugGarður hefur reynst okkur vel og efla má það samstarf. Þegar eru sameiginlegar samningarnefndir, bæði í miðlægum og stofnanasamningum hjá ríkinu og einnig samninganefndum sveitafélaganna.
- **Sameiningarviðræður.** Tillaga um sameiningu HugGarðsfélaga rennur út um áramótin 08/09. Ef SBU fer í sameiningarviðræður eftir þann tíma þarf að semja um það á nýjum forsendum. Þetta þýðir t.d. að semja þarf um fjölda SBU félaga í stjórn og ekki er tryggt að það verði ávallt bókasafns og upplýsingafræðingur í stjórn hins nýja félags. Fram kom á kynningarfundi um sameiningarmál að hægt sé að semja um alla hluti og koma með skilyrði fyrir sameiningu eða inngöngu í Fræðagarð. Það verður hins vegar háð samþykki félagsmanna Fræðagarðs hvort fallist verði á þau skilyrði sem SBU kann að setja fyrir sameiningu.

- **Ástandið í þjóðfélaginu.** Ekki eru fyrirsjáanlegar neinar kjarabætur í náinni framtíð hvorki fyrir stór félög né lítil, í því árferði sem nú er. Erfitt verður að meta hvort sameining skili okkur kjarabótum.

Af ofangreindum ástæðum teljum við ekki tímabært að leggja SBU niður og sækja fram á nýjum vettvangi. Áfram verði samstarf HugGarðsfélaganna sem hefur reynst okkur vel hingað til. Við leggjum til að sameining verði ávallt til endurskoðunar og lokum ekki á þá umræðu.

Velji félagið að sameinast Fræðagarði leggur nefndin til að stofnaður verði faghópur/fagfélag, annaðhvort innan stéttarfélagsins eða sjálfstætt fagfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga. Hlutverk félagsins væri að vera faglegur málsvari bókasafns- og upplýsingafræðinga sem standi vörð um fagvitund félagsmanna og efli samstarf við Bókasafns- og upplýsingafræðiskor HÍ.

Reykjavík 9. Desember 2008

Ásdís Hafstað (Menntaskólinn við Hamrahlíð)

Inga Dís Karlsdóttir (ÁTVR)

Linda Wright (Ríkisútvarpið ofh) og

Pálína Magnúsdóttir (Bókasafn Seltjarnarness)